

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2076

2018/EES/54/24

frá 7. nóvember 2017

um breytingu á ákvörðun 2009/607/EB að því er varðar gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir harðar klæðningar*(tilkynnt með númeri C(2017) 7247) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. og c-lið 3. mgr. 8.gr., að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Gildistími núverandi vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir harðar klæðningar, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem er settur fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/607/EB ⁽²⁾ rennur út 30. nóvember 2017. Unnið hefur verið mat sem staðfestir mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með ákvörðun 2009/607/EB. Því er rétt að framlengja gildistíma þessara viðmiðana og krafna um mat og sannprófun.
- 2) Því ætti að breyta ákvörðun 2009/607/EB til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/607/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „harðar klæðningar“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 30. júní 2021.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/607/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir harðar klæðningar (Stjtið. ESB L 208, 12.8.2009, bls. 21).